# Venjulegt útvarp, venjulegt útvarp með geislaspilara, Premium-útvarp (ESB), Premium-útvarp án geislaspilara (Bandaríkin) og Premium-útvarp fyrir Norður-Ameríku

## NOTENDAHANDBÓK

### Venjulegt útvarp og Premium-útvarp

OMAL212755 ÚTGÁFA G7 (ISLÄNDISCH)

John Deere GmbH & Co. KG
John Deere Werk Mannheim
Heimsútgáfa
PRINTED IN U.S.A.

## Inngangur

LESIÐ ÞESSA NOTENDAHANDBÓK vandlega til að læra hvernig á að nota útvarpið rétt. Þessa notendahandbók er mögulega hægt að fá á öðrum tungumálum (hafið samband við næsta söluaðila John Deere).

ÞESSI NOTENDAHANDBÓK TILHEYRIR vinnuvélinni og skal fylgja vélinni ef hún er seld.

SKRÁIÐ FRAMLEIÐSLU-AUÐKENNISNÚMERIÐ (PIN) í reitinn í tækniupplýsingakaflanum. Skráið allar tölur nákvæmlega. Ef vélinni er stolið getur þetta númer reynst mikilvægt í leit að vélinni. Því er mælt með því að þetta númer sé einnig skráð á öðrum stað.

OULXBER,0002972 -85-09FEB16-1/1

# Innihald

Blaðsíða

**Tegundamyndir og eiginleikar**
Tegundamyndir....................00-1

**Öryggi og almennar upplýsingar**
Mikilvægar ábendingar....................05-1
Fyrirhuguð notkun....................05-1
Umferðaröryggi....................05-1
Förgun....................05-1
Grunnstilling til að taka á móti útvarpssendingum....................05-1

**Almenn notkun**
Stjórntæki - útvarp án geislaspilara....................10-1
Stjórntæki - útvarp með geislaspilara....................10-2
Kveikt/slökkt á útvarpi....................10-3
Birtustig lýsingar á útvarpstæki stillt (ILLUM)....................10-3
Hljóðstyrkur stilltur....................10-3
Hljóðið tekið af útvarpinu (MUTE)....................10-3
Kveikt/slökkt á staðfestingartóni (BEEP)....................10-4
Hámarkshljóðstyrkur þegar kveikt er á útvarpinu (ONVOL)....................10-4
Hljóðið stillt....................10-4
Vinstri/hægri hljóðdreifing stillt (BAL)....................10-4
Hljóðdreifing fram/aftur stillt (FAD)....................10-4
Kveikt/slökkt á loudness (LD)....................10-5
Hljóðstillingar endurstilltar....................10-5

**Notkun útvarpsins**
Útvarpstækið stillt....................15-1
Heiti stöðvar....................15-1
Farið í útvarpsstillingu....................15-2
Kveikt/slökkt á RDS-eiginleikum....................15-2
Val á tíðnisviði/minnisstillingu....................15-2
Stillt á stöð....................15-2
Næmi stöðvaleitar....................15-2
Stöð vistuð....................15-3
Stöðvar í minni valdar....................15-3
Farið í gegnum stöðvar í minni (PRSTSCAN)....................15-3
Leitað að stöðvum á tíðnisviði (BANDSCAN)....................15-3
Efnisgerð (PTY)....................15-4
Dregið úr diskanti í truflunum (HCUT)....................15-4
Virkni hnappa stillt (KEY PRG)....................15-4

**Umferðarupplýsingar (aðeins í Evrópu)**
Umferðarupplýsingar (aðeins í Evrópu)....................20-1

Blaðsíða

**Ytri hljóðgjafar**
Ytri hljóðgjafar....................25-1

**Notkun geislaspilara (aðeins venjulegt útvarp með geislaspilara og Premium-útvarp)**
Notkun geislaspilara (almennar upplýsingar)....................30-1
Farið í geislaspilarastillingu....................30-1
Geisladiskur tekinn úr....................30-1
Notkun geislaspilarans (spilun)....................30-2

**MP3-skrár spilaðar (aðeins Premium-útvarp)**
MP3-skrár spilaðar (almennar upplýsingar)....................35-1
MP3-geisladiskur búinn til....................35-1
Spilun skráa á USB-gagnageymslu....................35-2
ID3-merki....................35-2
Farið í MP3-stillingu þegar diskur er settur í....................35-2
USB-gagnageymsla tengd og farið í MP3-stillingu....................35-2
Kveikt/slökkt á lagaupplýsingum með skruntexta (SCRL)....................35-2
MP3- eða WMA-skrár spilaðar....................35-3

**Notkun Bluetooth® (aðeins Premium-útvarp)**
Notkun Bluetooth®, almennar upplýsingar....................40-1
Uppsetning Bluetooth®....................40-1
Kveikt/slökkt á Bluetooth® (BT MODE)....................40-1
Gerð tengingar valin (CON-TYPE) og tæki pöruð (BT-PAIR)....................40-2
Bluetooth®-tæki þegar tengt (BT-JOIN)....................40-2
Gögn úr símaskrá flutt og notuð....................40-2
Tekið á móti símtölum og hringt....................40-3
Hljóðskrár spilaðar (BT AUDIO)....................40-3

**SiriusXM®-gervihnattamóttaka (aðeins Premium-útvarp fyrir Norður-Ameríku)**
SiriusXM®-útvarp, almennar upplýsingar....................45-1
XM-raðnúmer birt....................45-1
XM-útvarpsstilling....................45-1
Farið í XM-útvarpsstillingu....................45-1
XM-tíðnisvið valið (minnisstilling)....................45-1
XM-rásir valdar....................45-1
XM-rásir vistaðar....................45-2
Vistaðar XM-rásir valdar....................45-2

**Framhald á næstu blaðsíðu**

*Upprunalegar leiðbeiningar. Allar upplýsingar, myndir og tæknilýsingar í þessari handbók byggja á síðustu upplýsingum sem lágu fyrir við útgáfu. Réttur er áskilinn til að gera breytingar hvenær sem er án fyrirvara.*

COPYRIGHT © 2017
John Deere GmbH & Co. KG Mannheim Regional Center
Zentralfunktionen
All rights reserved.
A John Deere ILLUSTRUCTION ™ Manual
Previous Editions
Copyright © F7

Blaðsíða

Kveikt/slökkt á efnisflokkastillingu XM-rása (CAT) ....45-2
Efnisflokkur fyrir XM-rásir valinn ....45-2
Virkni hnappa stillt (KEY PRG) ....45-2
Kerfisupplýsingar ....45-2

**Tæknilegar upplýsingar**

Tæknilegar upplýsingar ....50-1
Auðkenningarnúmer vöru og SiriusXM®-raðnúmer ....50-1
Villuboð og bilanir ....50-2
Samræmisyfirlýsing ....50-3

## Tegundamyndir




LX272576 —UN—09FEB16

*Venjulegt útvarp*




LX272570 —UN—09FEB16

*Venjulegt útvarp með geislaspilara*




LX272572 —UN—09FEB16

*Premium-útvarp (ESB)*

| **Aðaleiginleikar:** | **Útvarp** | **Tenging við annan búnað** | **Geislaspilari** | **Geislaspil-ari, MP3/WMA** | **USB** | **Bluetooth®** | **Gervihnatta-útvarp** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Venjulegt útvarp | X | X | | | | | |
| Venjulegt útvarp með geislaspilara | X | X | X | X | | | |
| Premium-útvarp (ESB) | X | X | X | X | X | X | |
| Athugið: Sýndar eru myndir af “Second Edition” útvarpstækjum með ljósum texta á dökkum bakgrunni. “First Edition” útvarpstæki eru með öðruvísi skjá, með dökkum texta á ljósum bakgrunni. | | | | | | | |

**Framhald á næstu blaðsíðu**

OULXBER,00029BA -85-10FEB16-1/2




LX272573 —UN—09FEB16

*Premium-útvarp án geislaspilara (Bandaríkin)*




LX272571 —UN—09FEB16

*Premium-útvarp fyrir Norður-Ameríku*

| **Aðaleiginleikar:** | **Útvarp** | **Tenging við annan búnað** | **Geislaspilari** | **Geislaspil-ari, MP3/WMA** | **USB** | **Bluetooth®** | **Gervihnatta-útvarp** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Premium-útvarp án geislaspilara (Bandaríkin) | X | | | | | X | Styður XM |
| Premium-útvarp fyrir Norður-Ameríku | X | X | X | X | X | X | X |
| Athugið: Sýndar eru myndir af “Second Edition” útvarpstækjum með ljósum texta á dökkum bakgrunni. “First Edition” útvarpstæki eru með öðruvísi skjá, með dökkum texta á ljósum bakgrunni. | | | | | | | |

OULXBER,00029BA -85-10FEB16-2/2

# Öryggi og almennar upplýsingar

## Mikilvægar ábendingar

**Notendahandbók:** Lesa skal þessa notendahandbók vandlega og kynna sér hvernig útvarpið virkar áður en það er notað. Geymið þessa notendahandbók í ökutækinu til síðari nota.

**Ábending vegna uppsetningar:** Útvörp með CAN-tengingu eru tengd við rafeindabúnað ökutækisins sem þau eru sett upp í. Söluaðili John Deere verður að gera útvarp af þessu tagi virkt áður en það er notað í öðru ökutæki. Annars mun það ekki virka.

**Útvarpstíðni (útvarpstæki):** Þegar útvarpið er sett í af söluaðila verður hann að tryggja að viðtækið sé stillt fyrir tíðnisviðið sem næst á viðkomandi svæði. Annars nást ekki sumar útvarpsstöðvar eða ekki næst í aðra þjónustu.

OULXBER,00029BB -85-09FEB16-1/1

## Fyrirhuguð notkun

Útvarpið er ætlað til notkunar í vinnutæki með 12 volta spennu og skal tengjast í 1-DIN-rauf.

OULXBER,00029BC -85-09FEB16-1/1

## Umferðaröryggi

**⚠ AÐGÁT: Umferðaröryggi skal ávallt vera í fyrirrúmi. Notið útvarpið aðeins ef aðstæður í umferðinni og akstursskilyrði leyfa. Kynna skal sér hvernig útvarpið virkar áður en ekið er af stað. Veljið hæfilegan hljóðstyrk þegar ekið er.**

**⚠ AÐGÁT: Ekki láta útvarpið trufla þig við vinnuna. Slökkvið á útvarpinu þegar vinnan krefst fullrar athygli.**

**⚠ AÐGÁT: Stillið hljóðstyrk útvarpsins rétt svo heyra megi tímanlega í sírenuhljóðum lögreglu, slökkviliðs og sjúkrabíls.**

**⚠ AÐGÁT: Ef hljóðstyrkur útvarpsins er of hátt stilltur getur það valdið heyrnarskemmdum.**

OULXBER,00029BD -85-09FEB16-1/1

## Förgun

Ekki má fleygja útvarpinu með venjulegu heimilissorpi!

Farið með útvarpið á endurvinnslustöð.

OULXBER,00029BE -85-09FEB16-1/1

## Grunnstilling til að taka á móti útvarpssendingum

**MIKILVÆGT: Stilla verður viðtækið á tíðnisvið í viðkomandi landi. Ef tíðnisviðið er ekki rétt stillt getur verið að ekki sé hægt að ná neinum útvarpsstöðvum.**

**Yfirleitt er útvarpið þegar rétt stillt við afhendingu. Í einstaka tilvikum getur hins vegar þurft að endurstilla það. Sjá “Útvarpstækið stillt” í kafla 15, “Notkun útvarpsins”.**

OULXBER,00029BF -85-09FEB16-1/1

## Stjórntæki - útvarp án geislaspilara




LX272574 —UN—09FEB16

| Staðsetning | Merking | Virkni |
|---|---|---|
| 1 | Hljóðstyrkur | |
| 2 | BND | Ýtið í stutta stund til að velja minni eða útvarpstíðni |
| | | Haldið inni til að setja Travelstore-aðgerð í gang |
| 3 | Takki til að kveikja/slökkva | Ýtið á takkann til að kveikja á útvarpinu |
| | | Ýtið stutt á takkann þegar útvarpið er í gangi til að taka hljóðið af |
| | | Haldið takkanum inni til að slökkva á útvarpinu |
| 4 | Skjár | Skjá breytt |
| 5 | Valmynd | Opnar valmyndir fyrir grunnstillingar |
| 6 | Fjölrofi | Til að fara í gegnum skjámyndir og skipta um aðgerð |
| 7 | AUD-takki | Ýtið í stutta stund til að opna hljóðvalmyndina til að stilla bassa, miðtóna, diskant, jafnvægi, dofnun* og hljóðstyrk |
| | | Haldið inni til að velja aftur verksmiðjustillingar (aðeins diskant og bassa fyrir hljóðgjafa sem er í notkun) |
| 8 | 1 - 6 hnapparöð | Stöðvarhnappar |
| 9a | TA-takki | Venjulegt útvarp (heimsútgáfa):<br>Farið úr notanda- og hljóðvalmyndum í núverandi hljóðgjafa. Farið úr leit að útvarpsstöðvum.<br>Kveikt/slökkt á umferðartilkynningum. Slökkt á umferðartilkynningu sem er verið að lesa (aðeins í Evrópu). |
| 9b | Bluetooth®-takki | Premium-útvarp án geislaspilara (aðeins Bandaríkin):<br>Kveikt eða slökkt á Bluetooth® |
| 10 | SRC-takki | Valið á milli útvarps og hljóðinntaks |

*Dofnun er aðeins í boði ef hátalarar eru bæði tengdir að framan og aftan.

OULXBER,00029C0 -85-11FEB16-1/1

## Stjórntæki - útvarp með geislaspilara




LX272575 —UN—09FEB16

| Staðsetning | Merking | Virkni |
|---|---|---|
| 1 | Hljóðstyrkur | |
| 2 | BND | Ýtið í stutta stund til að velja minni eða útvarpstíðni<br>Haldið inni til að setja Travelstore-aðgerð í gang |
| 3 | Takki til að kveikja/slökkva | Ýtið á takkann til að kveikja á útvarpinu<br>Ýtið stutt á takkann þegar útvarpið er í gangi til að taka hljóðið af<br>Haldið takkanum inni til að slökkva á útvarpinu |
| 4 | Takki til að taka geisladisk úr | |
| 5 | Geisladiskarauf | |
| 6 | Skjár | Skjá breytt |
| 7 | Valmynd | Opnar valmyndir fyrir grunnstillingar |
| 8 | Fjölrofi | Til að fara í gegnum skjámyndir og skipta um aðgerð |
| 9 | AUD-takki | Ýtið í stutta stund til að opna hljóðvalmyndina til að stilla bassa, miðtóna, diskant, jafnvægi, dofnun* og hljóðstyrk<br>Haldið inni til að velja aftur verksmiðjustillingar (aðeins diskant og bassa fyrir hljóðgjafa sem er í notkun) |
| 10 | 1 - 6 hnapparöð | Stöðvarhnappar |
| 11 | TA-takki | Farið úr notanda- og hljóðvalmyndum í núverandi hljóðgjafa. Farið úr leit að útvarpsstöðvum.<br>Kveikt/slökkt á umferðartilkynningum. Slökkt á umferðartilkynningu sem er verið að lesa (aðeins í Evrópu). |
| 12 | SRC-takki | Val á milli útvarps og hljóðinntaks (eftir gerð er einnig geislaspilari, USB og XM) svo framarlega sem tónmiðill er í, tækið tengt og kveikt á því. |

*Dofnun er aðeins í boði ef hátalarar eru bæði tengdir að framan og aftan.

OULXBER,00029C1 -85-10FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á útvarpi

Hægt er að kveikja/slökkva á útvarpinu á mismunandi vegu.

**Kveikt/slökkt með takkanum til að kveikja/slökkva**

| | |
|---|---|
| Kveikt | Ýtið á takkann til að kveikja/slökkva |
| Slökkt | Haldið takkanum til að kveikja/slökkva inni í meira en tvær sekúndur |

**Kveikt/slökkt með svissinum**

| | |
|---|---|
| Kveikt (svissað á) <br> Slökkt (svissað af) | Það slokknar sjálfkrafa á útvarpinu þegar svissað er af. Í þessu tilviki er einnig kveikt á útvarpinu sjálfkrafa þegar svissað er aftur á. |

*ATHUGIÐ: Hægt er að kveikja á útvarpinu með takkanum til að kveikja/slökkva jafnvel þótt svissað sé af. Slökkt er sjálfkrafa á útvarpinu eftir ákveðinn tíma til að tæma ekki rafgeyminn (sjá "Slökkt með tímastillingu" í þessum kafla).*

### Slökkt með tímastillingu (HOUR)

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **HOUR** og núverandi tímastilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta tímastillingunni á bilinu 1 til 60 mínútur.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029C2 -85-09FEB16-1/1

## Birtustig lýsingar á útvarpstæki stillt (ILLUM)

*ATHUGIÐ: Þessi stilling verður notuð þegar sjálfvirk stilling á birtustigi er ekki í boði í ökutækinu.*

*Vegna breytinga á baklýsingu er ILLUM-valmyndin alltaf í boði og er notuð þegar CAN-gagnabrautin er ekki virk, til dæmis þegar kveikt er á útvarpinu í klukkustundastillingu.*

Ef birtustigið er ekki lagað sjálfkrafa að ljósum í stjórntækjum er hægt að færa þessa stillingu inn handvirkt í ILLUM-valmyndinni. Farið þannig að til að stilla:

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **ILLUM** og núverandi stilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla birtustigið frá -5 (lágm.) upp í +5 (hám.).
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029C3 -85-10FEB16-1/1

## Hljóðstyrkur stilltur

Hægt er að stilla hljóðstyrkinn frá 0 (slökkt) upp í 32 (hám.).

**Hljóðstyrkur stilltur**

| | |
|---|---|
| Hljóðstyrkur hækkaður | Snúið hljóðstillinum réttsælis |
| Hljóðstyrkur lækkaður | Snúið hljóðstillinum rangsælis |

*ATHUGIÐ: Þegar hljóðstyrkurinn er stilltur á 0 kviknar ekki á útvarpinu jafnvel þótt slökkt hafi verið á því með hljóðstyrkinn stilltan á 0.*

OULXBER,00029C4 -85-10FEB16-1/1

## Hljóðið tekið af útvarpinu (MUTE)

Hljóðið er tekið af með því að ýta stutt á takkann til að kveikja/slökkva (3). Ekkert hljóð heyrist þá í útvarpinu. Þegar ýtt er aftur á takkann til að kveikja/slökkva fer hljóðstyrkurinn aftur á sömu stillingu.

**Hljóðið tekið af útvarpinu**

| | |
|---|---|
| Hljóðið tekið af | Ýtið stutt á takkann til að kveikja/slökkva |
| Hljóðið sett á | Ýtið aftur stutt á takkann til að kveikja/slökkva eða snúið hljóðstillinum annaðhvort rangsælis eða réttsælis |

*ATHUGIÐ: Hljóðið er sett aftur á þegar ökutækið er sett aftur í gang. Einnig ef slökkt er á útvarpinu og kveikt aftur á því, jafnvel þótt ökutækið sé ekki sett í gang aftur.*

OULXBER,00029C5 -85-10FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á staðfestingartóni (BEEP)

Eftir vissar aðgerðir (t.d. að ýta og halda inni hnappi) heyrist staðfestingartónn. Hægt er að slökkva á þessum staðfestingartóni.

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **BEEP** og núverandi stilling **ON** eða **OFF** birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr ON í OFF eða öfugt.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029C6 -85-09FEB16-1/1

## Hámarkshljóðstyrkur þegar kveikt er á útvarpinu (ONVOL)

Hægt er að stilla hljóðstyrkinn sem er notaður þegar kveikt er á útvarpinu í valmyndinni **ONVOL**. Síðasta valda hljóðstilling er notuð þegar kveikt er á útvarpinu nema að hún sé hærri en stillingin fyrir hámarkshljóðstyrk. Í því tilviki er stillingin fyrir hámarkshljóðstyrk notuð.

*ATHUGIÐ: Hægt er að stilla hámarkshljóðstyrkinn frá 5 upp í 25.*

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **ONVOL** og núverandi stilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla hámarkshljóðstyrkinn þegar kveikt er á útvarpinu frá 5 upp í 25.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029C7 -85-09FEB16-1/1

## Hljóðið stillt

### Bassi (BASS) og diskantur (TREB) stilltur

1. Ýtið á hnappinn **AUD** til að opna valmyndina fyrir hljóðstillingar.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** þar til **BASS** eða **TREB** og núverandi stilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla gildið frá +7 í -7.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** til að fara úr valmyndinni.

### Miðtónar stilltir (MID)

1. Ýtið á hnappinn **AUD** til að opna valmyndina fyrir hljóðstillingar.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** þar til **MID** og núverandi stilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla gildið frá +7 í -7.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029C8 -85-09FEB16-1/1

## Vinstri/hægri hljóðdreifing stillt (BAL)

1. Ýtið á hnappinn **AUD** til að opna valmyndina fyrir hljóðstillingar.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** þar til **BAL** og núverandi stilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla gildið frá +10 í -10.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029C9 -85-09FEB16-1/1

## Hljóðdreifing fram/aftur stillt (FAD)

Þessi stilling er aðeins í boði á ökutækjum með hátölurum að framan og aftan.

1. Ýtið á hnappinn **AUD** til að opna valmyndina fyrir hljóðstillingar.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** þar til **FAD** og núverandi stilling birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla gildið frá +10 í -10.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029CA -85-10FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á loudness (LD)

Hljómgæðin verða betri ef kveikt er á loudness. Hlutfalli lágu og háu tónanna er breytt til að ná jöfnu hljóði jafnvel á litlum hljóðstyrk. Ekki er mælt með því að kveikja á loudness á litlum hljóðstyrk.

1. Ýtið á hnappinn **AUD** til að opna valmyndina fyrir hljóðstillingar.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** þar til **LD** og núverandi stilling **ON** eða **OFF** birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr ON í OFF eða öfugt.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029CB -85-09FEB16-1/1

## Hljóðstillingar endurstilltar

Hægt er að endurstilla allar hljóðstillingar á verksmiðjustillingar.

1. Ýtið á hnappinn **AUD** til að opna valmyndina fyrir hljóðstillingar.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** þar til **RESET N** birtist.
3. Snúið hljóðstillinum réttsælis til að velja **RESET Y**. Allar hljóðstillingar eru endurstilltar eftir u.þ.b. tvær sekúndur.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **AUD** til að fara úr valmyndinni.

*ATHUGIÐ: Haldið hnappinum* ***AUD*** *inni í meira en tvær sekúndur til að endurstilla hljóðstillingarnar aðeins fyrir hljóðgjafann sem er í notkun.*

OULXBER,00029CC -85-09FEB16-1/1

# Notkun útvarpsins

## Útvarpstækið stillt

**MIKILVÆGT: Stilla verður viðtækið á tíðnisvið í viðkomandi landi. Ef tíðnisviðið er ekki rétt stillt getur verið að ekki sé hægt að ná neinum útvarpsstöðvum.**



LX203986 —UN—27MAR14

**Stillt:**

1. Slökkvið á útvarpinu.
2. Haldið stöðvahnöppum (1) og (3) báðum inni í einu.
3. Kveikið á útvarpinu; “SETUP” birtist á skjánum.
4. Sleppið stöðvahnöppum (1) og (3).
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn “**Menu**” þangað til núverandi tíðnisvið birtist. (t.d. “EUROPE”, “NAFTA”, “SOTHAMRC”, “MESTAFRC”, “APAC”, “TAIWAN”, “PHILIPIN” eða “AUSTRLNZ”).
6. Hægt er að skipta á milli tíðnisviða með fjölrofanum (örinni yst til hægri). Veljið rétt tíðnisvið fyrir landið sem nota á útvarpið í (sjá töflu).
7. Þegar rétt tíðnisvið hefur verið valið skal ekki velja frekari stillingar í þessari valmynd heldur slökkva á útvarpinu til að vista breyttu stillinguna.

| Land | | Tíðnisvið | Land | Tíðnisvið |
|---|---|---|---|---|
| Austurríki<br>Belgía<br>Búlgaría<br>Sviss<br>Tékkland<br>Þýskaland<br>Danmörk<br>Eistland<br>Spánn<br>Finnland<br>Frakkland<br>Bretland<br>Norður-Írland<br>Króatía<br>Ungverjaland | Ítalía<br>Kasakstan<br>Litháen<br>Lúxemborg<br>Lettland<br>Holland<br>Pólland<br>Portúgal<br>Rúmenía<br>Rússland<br>Serbía<br>Svíþjóð<br>Slóvakía<br>Tyrkland<br>Úkraína | EUROPE | Argentína<br>Bólivía<br>Brasilía<br>Gvæjana<br>Níkaragva<br>Úrúgvæ<br>Venesúela | SOTHAMRCA |
| | | | Armenía<br>Eþíópía<br>Ísrael<br>Óman<br>Suður-Afríka<br>Sambía | MESTAFRC |
| | | | Kína<br>Japan<br>Kórea | APAC |
| Kanada<br>Dóminíska lýðveldið<br>Mexíkó<br>Bandaríkin | | NAFTA | Ástralía<br>Nýja-Sjáland | AUSTRLNZ |
| Taívan | | TAIWAN | Filippseyjar | PHILIPIN |

| Vandamál: | Lausn |
|---|---|
| Uppsetningarvalmyndin birtist ekki á skjánum. Venjuleg útvarpsstilling er valin. | Gættu þess að halda báðum hnöppunum inni þegar kveikt er á útvarpinu. |
| Viðkomandi land kemur ekki fram í uppsetningarvalmyndinni. | Það er eðlilegt. Aðeins átta stillingar birtast á skjánum og hver fyrir sig stendur fyrir fleiri en eitt land. Skoðaðu töfluna áður en þú velur rétt atriði. |
| Stillingin sem var valin var ekki vistuð. | Útvarpstæki sem tengjast CommandCenter í gegnum CAN-gagnabraut fá stillingarnar sjálfkrafa með viðeigandi hugbúnaði. Í þessum tilvikum þarf að breyta stillingunni í CommandCenter. |
| Ekkert birtist á skjá útvarpsins. | Athugið hvort útvarpið er tilbúið til notkunar. Athugið hvort DIM-eiginleikinn er stilltur á DIM ON. |

OULXBER,00029CD -85-11FEB16-1/1

## Heiti stöðvar

Þetta útvarp styður RDS. Margar FM-stöðvar senda ekki aðeins merki með sendingunni heldur einnig aðrar upplýsingar eins og nafnið á stöðinni og hvernig efni hún sendir út (PTY).

Ef heiti stöðvarinnar er móttekið birtist það á skjánum.

OULXBER,00029CE -85-10FEB16-1/1

## Farið í útvarpsstillingu

Ef útvarpið er í annarri stillingu:

- Ýtið einu sinni á hnappinn **BND** eða ýtið á hnappinn **SRC** þar til **RADIO** birtist.

Núverandi tíðni eða stöðvarheiti birtist.

OULXBER,00029CF -85-09FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á RDS-eiginleikum

RDS-eiginleikar bæta við notkunarmöguleika útvarpsins.

- AF (önnur tíðni): Þegar RDS er virkt leitar útvarpið í bakgrunni að bestu tíðninni sem næst fyrir stöðina sem er valin.
- REG (svæði): Stundum skipta útvarpsstöðvar sendingu í svæðissendingar með mismunandi innihaldi. Þegar REG-eiginleikinn er valinn skiptir útvarpið ekki yfir á tíðni þar sem er verið að útvarpa öðru efni.

*ATHUGIÐ: RDS (AF) er sjálfgefin verksmiðjustilling. Það verður að kveikja og slökkva á REG sérstaklega í valmyndinni. Aðeins er hægt að kveikja á REG ef kveikt er á RDS.*

### Kveikt/slökkt á RDS (AF)

1. Veljið útvarpsstillingu (FM-tíðnisvið).
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **RDS** og núverandi stilling **ON** eða **OFF** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr ON í OFF eða öfugt.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

### Kveikt/slökkt á REG

1. Veljið útvarpsstillingu (FM-tíðnisvið).
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **REG** og núverandi stilling **ON** eða **OFF** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr ON í OFF eða öfugt.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

*ATHUGIÐ: Þegar RDS er virkt birtist RDS á skjánum.*

OULXBER,00029D0 -85-10FEB16-1/1

## Val á tíðnisviði/minnisstillingu

Hægt er að ná stöðvum á mismunandi tíðnisviðum með þessu útvarpi (sjá töflu).

- Þrjár minnisstillingar eru í boði fyrir FM-tíðnisviðið.
- Tvær minnisstillingar eru í boði fyrir tíðnisviðin AM/AMT, MW/MWT og LW/LWT.
- Ein minnisstilling er í boði fyrir WX-tíðnisviðið.
- Hægt er að vista sex stöðvar í hverri minnisstillingu.

Ýtið á hnappinn **BND** til að skipta á milli tíðnisviða eða minnisstillinga.

| **Svæði:** | **Tíðnisvið:** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **FM** | **AM** | **WX** | **MW** | **LW** |
| **NAFTA-lönd** | X | X | X | | |
| **Evrópa** | X | | | X | X |
| **Önnur svæði** | X | X | | | |
| Minnisstillingar: | FM1, FM2, FMT | AM, AMT | WX | MW, MWT* | LW, LWT* |

**Aðeins í Evrópusambandinu*

OULXBER,00029D1 -85-12FEB16-1/1

## Stillt á stöð

Hægt er að stilla á stöð á tvo vegu:

- Með **sjálfvirkri** leit með hnöppunum ◄ og ►.

  Sjá einnig “Næmi stöðvaleitar” (SENS) í þessum kafla.
- Með **handvirkri** stöðvaleit með hnöppunum ▲ og ▼.

Sjá einni “Stillingar á virkni hnappa (KEY PRG)” í þessum kafla.

OULXBER,00029D2 -85-10FEB16-1/1

## Næmi stöðvaleitar

Þessi eiginleiki skiptir máli þegar stillt er á stöð.

### Sjálfvirk leit

### Næmi stöðvaleitar stillt (SENS)

1. Veljið útvarpsstillingu.
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **SENS** og núverandi stilling **LO** (lítið næmi) eða **DX** (mikið næmi) birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr LO í DX eða öfugt.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,0002A1B -85-10FEB16-1/1

## Stöð vistuð

| Svæði: | Tíðnisvið: | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **FM** | **AM** | **WX** | **MW** | **LW** |
| **NAFTA-lönd** | X | X | X | | |
| **Evrópa** | X | | | X | X |
| **Önnur svæði** | X | X | | | |
| Minnisstillingar: | FM1, FM2 | AM | WX | MW | LW |

### Handvirk vistun

1. Veljið minnisstillingu eða tíðnisvið.
2. Stillið á stöð.
3. Veljið einn af stöðvahnöppunum 1 - 6 til að vista stöðina og haldið svo hnappinum inni í meira en tvær sekúndur.
4. Þegar stöðin hefur verið vistuð í stöðvahnappinum heyrist hljóð til staðfestingar. Staðsetning stöðvarinnar (t.d. P3) sést svo lengi sem þessi stöð er valin.

### Sjálfvirk vistun (T-STORE)

*ATHUGIÐ: Ekki í boði með CommandCenter™ GS 4600 skjá. Eiginleikar geta breyst við hugbúnaðaruppfærslur, leitið upplýsinga hjá viðurkenndum söluaðila.*

Þær sex svæðisstöðvar sem nást best er hægt að vista sjálfkrafa. Fyrir FM-tíðnisviðið er FMT-minnisstilling notuð til að vista og fyrir AM-tíðnisviðið er AMT-minnisstilling notuð (að auki MWT og LWT fyrir Evrópu).

*ATHUGIÐ: Nýfundnar stöðvar vistast í stað þeirra sem eru nú þegar vistaðar undir þessari stillingu.*

*Ef kveikt er á PTY eru aðeins stöðvar af þeirri gerð sem valin er vistaðar.*

1. Veljið tíðnisvið.
2. Haldið hnappinum **BND** inni í meira en tvær sekúndur.
3. Vistun hefst og **T-STORE** birtist. Eftir að vistun lýkur eru minnisnúmer 1 - 6 skráð fyrir stöðvarnar. Þessi vistun er aðeins virk í þeirri minnisstillingu þar sem vistunin var framkvæmd (FMT eða AMT).

*CommandCenter™ er vörumerki Deere & Company*

OULXBER,00029D3 -85-10FEB16-1/1

## Stöðvar í minni valdar

1. Veljið minnisstillingu eða tíðnisvið.
2. Ýtið á stöðvarhnapp 1 - 6 til að velja eina af vistuðu stöðvunum.

OULXBER,00029D4 -85-10FEB16-1/1

## Farið í gegnum stöðvar í minni (PRSTSCAN)

Með þessari aðgerð er hver stöð á eftir annarri, í þeirri minnisstillingu sem valin er, spiluð í u.þ.b. fimm sekúndur.

### Byrjað að leita

1. Ýtið á hnappinn ◄ eða ►.
2. **PRSTSCAN** birtist í stutta stund. Hver vistuð stöð, í þeirri minnisstillingu sem valin er, er spiluð í u.þ.b. fimm sekúndur. Um leið birtist viðeigandi tíðni eða stöðvarheiti.

### Hætt að leita

1. Ýtið á hnappinn ◄ eða ►.
2. Leit er hætt og síðasta stöðin sem var spiluð helst inni.

OULXBER,00029D5 -85-10FEB16-1/1

## Leitað að stöðvum á tíðnisviði (BANDSCAN)

*ATHUGIÐ: Þessi aðgerð er aðeins í boði ef BANDSCAN er valið fyrir hnappana ◄ og ► í valmyndinni KEY PRG (sjá "Virkni hnappa stillt" í þessum kafla).*

### Byrjað að leita

1. Ýtið á hnappinn ◄ eða ►.
2. **BANDSCAN** birtist í stutta stund. Leitað er að stöðvum á núverandi tíðnisviði. Hver stöð sem finnst er spiluð í u.þ.b. fimm sekúndur. Um leið birtist viðeigandi tíðni eða stöðvarheiti.

### Hætt að leita

1. Ýtið á hnappinn ◄ eða ►.
2. Leit er hætt og síðasta stöðin sem var spiluð helst inni.

OULXBER,00029D6 -85-10FEB16-1/1

## Efnisgerð (PTY)

Sumar FM-stöðvar senda út upplýsingar um hvernig efni stöðin býður upp á.

**Dæmi um efnisgerðir:**

- MENNING
- FERÐALÖG
- VEÐUR
- DJASSTÓNLIST
- FRÉTTIR
- POPPTÓNLIST

Þegar kveikt er á PTY er aðeins hægt að stilla á stöðvar með efnisgerðinni sem stillt er á. Útvarpið skiptir þá sjálfkrafa af núverandi stöð eða úr annarri stillingu yfir á stöð með valinni efnisgerð.

### Kveikt/slökkt á PTY

1. Veljið útvarpsstillingu.
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **PTY ON** eða **PTY OFF** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr **PTY OFF** í **PTY ON** eða öfugt.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

### Efnisgerð valin

*ATHUGIÐ: Það verður að vera kveikt á PTY.*

1. Veljið útvarpsstillingu.
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **PTYTYPE** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að velja efnisgerð.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

### Hefja PTY-leit

*ATHUGIÐ: PTY-leit er aðeins í boði ef kveikt er á PTY og AUTOSEEK eða BANDSCAN er valið fyrir hnappana ◄ og ► í valmyndinni KEY PRG (sjá "Virkni hnappa stillt" í þessum kafla).*

1. Ýtið á hnappinn ◄ eða ► til að hefja leit.
2. Ef stöð af valinni gerð finnst er stillt á hana.
3. Ef engin stöð af þessari gerð finnst helst stöðin inni sem stillt var á.

OULXBER,00029D7 -85-10FEB16-1/1

## Dregið úr diskanti í truflunum (HCUT)

HCUT-eiginleikinn bætir hljómgæðin þegar móttökuskilyrði eru slæm. Ef truflun er í móttöku er dregið sjálfkrafa úr truflanahljóðinu.

1. Veljið útvarpsstillingu.
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **HCUT**, núverandi stilling **OFF**, **1** eða **2** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla eða slökkva á HCUT.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029D8 -85-09FEB16-1/1

## Virkni hnappa stillt (KEY PRG)

Hægt er að stilla hvaða aðgerðir eru framkvæmdar með hnöppunum ◄ og ►.

| Aðgerðir | Lýsing |
|---|---|
| AUTOSEEK | Stillt á næstu stöð |
| MANSEEK | Stillt handvirkt eitt skref í einu |
| PRSTSCAN | Farið í gegnum stöðvar sem vistaðar eru í valdri minnisstillingu |
| BANDSCAN | Leitað að stöðvum á völdu tíðnisviði |

### Virkni hnappa stillt

1. Veljið útvarpsstillingu.
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **KEY PRG** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að skipta milli mismunandi stillinga (sjá töflu).
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029D9 -85-10FEB16-1/1

## Umferðarupplýsingar (aðeins í Evrópu)

*ATHUGIÐ: Umferðarupplýsingar eru ekki í boði í NAFTA-löndum.*

*Þessi eiginleiki er ekki í boði í Premium-útvarpi fyrir Norður-Ameríku.*

*Þessi eiginleiki er aðeins í boði í CD- og AUX-stillingum ef FM-tíðnisviðið er valið í útvarpsstillingu.*

### Kveikt/slökkt á forgangi fyrir umferðarupplýsingar

Ýtið á hnappinn **TA** til að kveikja/slökkva á forgangi fyrir umferðarupplýsingar.

Forgangur fyrir umferðarupplýsingar er virkjaður ef TA eða TP er á skjánum. Þegar umferðartilkynning berst er gert hlé á spilun geisladiska og annarra miðla og útvarpið skiptir yfir á umferðartilkynninguna. TRAFFIC birtist á skjánum á meðan tilkynningin er lesin.

• Hljóðviðvörun heyrist burtséð frá því hvaðan hljóðið berst þegar farið er af tíðnisviðinu fyrir útsendingar umferðartilkynninga og sjálfvirka leitin finnur ekki aðra stöð með umferðartilkynningum.

• Hljóðviðvörun heyrist þegar farið er af stöð með umferðartilkynningum yfir á stöð án umferðartilkynninga.

Í báðum tilvikum skal slökkva á forgangi umferðartilkynninga eða velja stöð sem útvarpar umferðartilkynningum.

### Hljóðstyrk umferðartilkynninga breytt

1. Veljið útvarpsstillingu (FM-tíðnisvið).
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **TA DIFF** og núverandi stilling birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að stilla gildið frá DIFF 0 upp í DIFF 10. Tölurnar segja til um aukningu á hljóðstyrk miðað við valinn hljóðstyrk.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

*ATHUGIÐ: Á meðan umferðartilkynning er lesin er hægt að stilla hljóðstyrkinn með hljóðstillinum.*

### Umferðartilkynningar stöðvaðar

Ýtið á hnappinn **TA** til að stöðva umferðartilkynningu sem er verið að lesa og fara aftur í fyrri hljóðgjafa. Forgangurinn fyrir umferðartilkynningar er enn virkur.

OULXBER,00029DA -85-10FEB16-1/1

## Ytri hljóðgjafar

Hægt er að tengja ýmis konar hljóðgjafa með hljóðinntakinu á bakhlið útvarpsins. Til dæmis: ferðageislaspilara, MiniDisc-spilara eða MP3-spilara.

### Hljóðinntak virkjað

- Tengið ytri hljóðgjafann og ýtið endurtekið á hnappinn **SRC** þar til **AUX** birtist á skjánum.

*ATHUGIÐ: Ekki er hægt að velja ytri hljóðgjafa nema að hljóðtæki sé tengt við hljóðinntakið.*

### Hljóðstyrkur hljóðinntaks stilltur

Hægt er að laga hljóðstyrkinn fyrir tengda hljóðgjafann að hljóðstyrknum í útvarpsstillingu.

*ATHUGIÐ: Ekki er hægt að stilla hljóðstyrkinn fyrir hljóðinntakið fyrr en það hefur verið valið sem hljóðgjafi með SRC-hnappinum.*

1. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **SRC** þar til réttur hljóðgjafi birtist.
2. Ýtið á hnappinn **MENU**. **GAIN** og núverandi stilling birtist.
3. Ýtið hljóðstillinum til vinstri eða hægri til að stilla hljóðstyrkinn á bilinu –9 til +9, þar sem 0 samsvarar stillingu hljóðstyrks í útvarpsstillingu.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,00029DB -85-09FEB16-1/1

## Notkun geislaspilara (almennar upplýsingar)

Í þessu útvarpstæki er hægt að spila venjulega hljóðdiska, CD-R-diska og CD-RW-diska með 12 cm þvermáli. Athugið að nota ekki meiri hraða en 16x þegar eigin diskar eru brenndir. Annars er hugsanlega ekki hægt að spila þá.

Notið aðeins venjulega hljóðdiska með Compact Disc-merkinu til að tryggja rétta virkni. Hugsanlega spilast geisladiskar með afritunarvörn ekki rétt. Í einhverjum tilvikum veldur afritunarvörn geisladiska villum við lestur þeirra sem gerir að verkum að ekki er hægt að spila þá í geislaspilaranum.

Geislaspilarinn getur spilað lög af lagalista ef þannig skrár (lagalistar) eru vistaðar í rótarmöppu tónlistardisksins. Lesið nánar í leiðbeiningum brennsluforritsins um hvernig lagalistar eru settir saman.

**MIKILVÆGT: Hætta er á því að geisladrifið skemmist! Ekki má nota litla geisladiska sem eru 8 cm í þvermál og formaða geisladiska.**

**Farið varlega með geisladiska og gætið þess að þeir skemmist ekki. Snertið geisladiska aðeins á köntunum ef mögulegt er.**

**Ef þörf krefur skal þrífa geisladiska með mjúkum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk og gæta þess að nota ekki leysiefni. Þurrkið geisladiskana frá miðju og út að kanti.**

**Ekki láta sólarljós skína á geisladiska og geymið þá í hentugu hlífðarhulstri.**

**Ekki setja límmiða á geisladiskana. Betra er að merkja þá með hentugum penna sem fæst í verslunum.**

**Skemmdir sem hljótast af röngum eða skemmdum geisladiskum falla ekki undir ábyrgð.**

OULXBER,00029DC -85-10FEB16-1/1

## Farið í geislaspilarastillingu

**Ef enginn diskur hefur verið settur í:**

1. Setjið geisladisk í diskaraufina án þess að beita þrýstingi og látið áletruðu hliðina snúa upp. Hættið að ýta um leið og viðnám finnst og bíðið eftir því að diskurinn fari inn sjálfkrafa. **CD** birtist.
2. Diskurinn spilast. Númer lagsins sem er í spilun (t.d. T12) og lengd lagsins birtist.

**MIKILVÆGT: Ekki stöðva diskinn eða ýta á eftir honum þegar hann er fer inn.**

*ATHUGIÐ: Ef slökkt er á útvarpinu og diskurinn er settur í fer hann sjálfkrafa inn en afspilun hefst ekki.*

**Ef diskur er í spilaranum:**

1. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **SRC** þar til **CD** birtist.
2. Byrjað er að spila þar sem frá var horfið. Ef enginn diskur er í birtist **CD** í stutta stund og síðan **NO CD INSERTED**.

OULXBER,00029DD -85-10FEB16-1/1

## Geisladiskur tekinn úr

*ATHUGIÐ: Hægt er að taka disk úr þegar slökkt er á útvarpinu og þegar verið er að spila af öðru tæki.*

Ýtið á **hnappinn til að taka geisladiskinn úr** til að taka diskinn úr. Þegar geisladiskurinn er tekinn úr birtist **CD EJECT** í stutta stund. Þegar diskurinn hefur verið tekinn úr sést **CD EJECT** ekki lengur.

**MIKILVÆGT: Ekki stöðva diskinn eða ýta á eftir honum þegar hann er tekinn úr.**

*ATHUGIÐ: Ef geisladiskurinn er ekki fjarlægður innan 10 sekúndna verður hann dreginn inn aftur sjálfkrafa.*

OULXBER,00029DE -85-10FEB16-1/1

## Notkun geislaspilarans (spilun)

| | |
|---|---|
| **Sýna liðinn spilunartíma eða þann sem er eftir** | Ýtið á hnapp **6** í hnapparöðinni til að skipta á milli tímans sem er liðinn (ELAPSED) og tímans sem er eftir (REMAIN) af laginu sem er í spilun. |
| **Lag valið** | Ýtið á hnappinn ► eða ◄ til að velja næsta lag á eftir eða á undan.<br>Ef lagið hefur verið í spilun í meira en 10 sekúndur byrjar það aftur ef ýtt er einu sinni á hnappinn ◄. |
| **Hraðspólun (heyranleg)** | Ýtið á hnappinn ◄ eða ► til að spóla áfram eða aftur á bak. Sleppið hnappinum þegar rétti staðurinn er fundinn. |
| **Spila af handahófi (MIX ALL)** | Ýtið á hnapp **3** í hnapparöðinni.<br>**MIX ALL** birtist í stutta stund og svo **MIX**. Næstu lög eru valin af handahófi. |
| **Hætta spilun af handahófi** | Ýtið aftur á hnapp **3** í hnapparöðinni.<br>**MIX OFF** birtist í stutta stund og síðan er **MIX** ekki lengur birt. Spilun heldur áfram venjulega. |
| **Farið í gegnum lög (SCAN TRK)** | Ýtið á hnapp **4** í hnapparöðinni til að spila hvert lag í u.þ.b. 10 sekúndur.<br>**SCAN TRK** birtist í stutta stund.<br><br>Leit stöðvuð og haldið áfram að spila lag:<br>Ýtið á hnapp **4** í hnapparöðinni til að stöðva leitina.<br>**SCAN OFF** birtist í stutta stund. Haldið er áfram að spila lagið. |
| **Lag endurtekið (RPT TRK)** | Ýtið á hnapp **2** í hnapparöðinni.<br>**RPT TRK** birtist í stutta stund og síðan birtist **RPT**. Núverandi lag er endurtekið þar til **RPT** er gert óvirkt.<br><br>Hætt að endurtaka lag (RPT):<br>Ýtið aftur á hnapp **2** í hnapparöðinni.<br>**RPT OFF** birtist í stutta stund og síðan er **RPT** ekki lengur birt. Spilun heldur áfram venjulega. |
| **Lög spiluð af lagalista** | Ef lagalisti hefur verið settur saman og vistaður í rótarmöppu er hægt að spila hann í PLST-stillingu.<br>Haldið hnappinum **TA** inni þar til **PLST ON** birtist. Fyrsta lagið í lagalistanum byrjar eftir tvær sekúndur.<br>Ef fleiri en einn lagalisti er í boði (allir í rótarmöppunni) skal velja lagalista með örvahnöppunum ▲ og ▼.<br>Ef engir lagalistar eru vistaðir á gagnageymslunni birtist **NO PLST** þegar hnappinum **TA** er haldið inni.<br><br>Ekki er hægt að fara í aðrar möppur þegar PLST-stilling er valin. Slökkva verður á PLST-stillingunni til að skipta um möppu.<br>Haldið hnappinum **TA** inni þar til **PLST OFF** birtist. Byrjað er að spila fyrsta lagið í fyrstu möppunni eftir tvær sekúndur. |
| **Hlé gert á spilun (PAUSE)** | Ýtið á hnapp **1** í hnapparöðinni. **PAUSE** birtist.<br>Spilun haldið áfram:<br>Ýtið aftur á hnapp **1** í hnapparöðinni. Spilun heldur áfram. |

OULXBER,00029DF -85-11FEB16-1/1

## MP3-skrár spilaðar (almennar upplýsingar)

Í þessu útvarpi er hægt að spila CD-R- og CD-RW-diska með MP3- og WMA-tónlistarskrám. Í þessum kafla er aðeins fjallað um spilun MP3-skráa þar sem farið er eins að fyrir MP3- og WMA-skrár. Þegar talað er um MP3-gagnamiðill er alltaf átt við CD-R/RW.

Ekki er hægt að spila WMA-skrár með afritunarvörn (DRM) úr netverslunum í þessu útvarpi.

Aðeins er hægt að spila WMA-skrár vandræðalaust ef þær eru búnar til með Windows Media Player™, útgáfu 8 eða nýrri.

OULXBER,0002A13 -85-09FEB16-1/1

## MP3-geisladiskur búinn til

Ef vandamál koma upp með heimagerða diska skal prófa að nota óskrifaða diska frá öðrum framleiðanda eða í öðrum lit.

Notast verður við geisladiskasnið ISO 9660 stig 1 eða stig 2 eða Joliet. Ekki er hægt að tryggja spilun diska með öðru sniði.

Þegar hljóðskrám er breytt í MP3/WMA-skrár (með kóðun) skal notast við 32 til 320 kbps bitahraða fyrir MP3-skrár og 32 til 192 kbps fyrir WMA-skrár.

Þetta útvarp styður allt að 252 möppur og allt að 255 skrár í hverri möppu. Allt í allt geta ekki verið fleiri en 512 möppur og skrár á geisladiskinum. Hægt er að velja hverja möppu og hvert lag/skrá á geisladiskinum fyrir sig.

*ATHUGIÐ: Ef fleiri en 16 tákn (þar með talin skráarendingin .mp3 eða .wma) eru notuð í skráaheitum minnkar leyfilegur heildarfjöldi laga/skráa og mappa.*

**Dæmi um uppbyggingu geisladisks:**

Hægt er að gefa hverri möppu fyrir sig heiti í tölvunni. Hægt er að sýna heiti möppunnar í útvarpinu. Gefið möppunum og lögunum/skránum heiti eins og lýst er í brennsluforritinu.

*ATHUGIÐ: Ekki nota sértákn (eða algenga stafi á borð við ä, ü, ö, ê, é, Ø, þ, æ o.s.frv.) í heitum á möppum, lögum og skrám.*

*Ef fleiri en 16 tákn (þar með talin skráarendingin .mp3 eða .wma) eru notuð í skráaheitum minnkar leyfilegur heildarfjöldi laga/skráa og mappa.*

Vistið skrárnar á gagnamiðilinn í þeirri röð sem á að spila þau. Útvarpið spilar skrárnar í sömu röð og þær eru vistaðar á gagnageymslunni.

Þetta útvarp spilar aðeins MP3-skrár með endingunni .mp3 og WMA-skrár með endingunni .wma.

- Ef endingunni .mp3 er bætt við aðrar skrár en MP3-skrár verða þær ónothæfar og ekki er hægt að spila þær.




A—Möppur B—Lög/skrár

- Ef geisladiskur inniheldur bæði MP3-skrár og skrár af annarri gerð spilar útvarpið eingöngu MP3-skrárnar.
- Ef geisladiskar með blöndu af geisladiskahljóðskrám og MP3-skrám eru spilaðir getur útvarpið aðeins spilað geisladiskahljóðskrárnar.

*ATHUGIÐ: Notkun geisladiska með blönduðu efni getur orsakað tækisvillur í útvarpinu.*

OULXBER,0002A14 -85-10FEB16-1/1

## Spilun skráa á USB-gagnageymslu

Til að útvarpið þekki USB-gagnageymslu verður að skilgreina hana sem gagnageymslu og forsníða hana í FAT16- eða FAT32-skráakerfinu. Vista verður hljóðskrárnar á MP3- eða WMA-sniði.

Mest er hægt að vista 5000 lög (án ID3-merkja) og nota á USB-gagnageymslu. Hægt er að velja og spila hverja möppu og skrá fyrir sig. Ef hljóðskrár með ID3-merkjum eru notaðar minnkar heildarfjöldi skráa sem hægt er að hafa.

Ekki er víst að allar USB-gagnageymslur sem fást virki rétt.

OULXBER,0002A15 -85-09FEB16-1/1

## ID3-merki

Hljóðskrár innihalda stundum viðbótarupplýsingar eins og um flytjanda, nafn á lagi og plötu (ID3-merki). Þetta útvarp getur birt ID3-merki í útgáfu 1 og 2.

OULXBER,0002A16 -85-09FEB16-1/1

## Farið í MP3-stillingu þegar diskur er settur í

Geislaspilarinn fer sjálfkrafa í stillingu fyrir spilun MP3-skráa þegar MP3-diskur er settur í. Sjá einnig lýsingu í "Farið í geislaspilarastillingu".

Númer lagsins sem er í spilun (t.d. T12), lengd lagsins og upplýsingar um lagið (ID3-merki) eða skráarheitið birtist. Þegar skipt er um möppu birtist nafn möppunnar í augnablik.

OULXBER,0002A17 -85-09FEB16-1/1

## USB-gagnageymsla tengd og farið í MP3-stillingu

Til að hægt sé að tengja USB-gagnageymslu (t.d. USB-lykil eða USB-drif) verður USB-snúran að vera tengd við USB-tengið (sjá einnig notendahandbók ökutækisins).

**AÐGÁT: Sumar USB-gagnageymslur eru hannaðar þannig að þær henta ekki fyrir beina tengingu við USB-tengið. Til að koma í veg fyrir meiðsl ætti aðeins að nota USB-gagnageymslur með aukatengisnúru.**

Tengið USB-gagnageymsluna við USB-snúruna. Um leið og búið er að tengja er hægt að velja USB-gagnageymslu með því að ýta á hnappinn **SRC 12**. **USB** birtist þá.

**Sýnt hversu mikill spilunartími er liðinn og hversu mikill tími er eftir**

Ýtið á hnapp **6** í hnapparöðinni til að skipta á milli tímans sem er liðinn (ELAPSED) og tímans sem er eftir (REMAIN) af laginu sem er í spilun.

**Upplýsingar um lög birtar (ID3-merki)**

Ef hljóðskráin inniheldur ID3-merki eru viðkomandi upplýsingar birtar einu sinni sem skruntexti í upphafi hvers lags. Ef hljóðskráin inniheldur engin IS3-merki er aðeins skráarheitið sýnt.

*ATHUGIÐ: Sjá einnig viðeigandi lýsingu á MP3-hugbúnaðinum eða brennsluforritinu í tölvunni til að búa til ID3-merki.*

Ýtið á hnapp **5** til að birta upplýsingarnar um lagið einu sinni sem skruntexta. ID3-merki viðeigandi lags birtast einu sinni sem skruntexti.

*ATHUGIÐ: Þessi eiginleiki er ekki í boði ef slökkt er á birtingu lagaupplýsinga sem skruntexta. Sjá "Kveikt/slökkt á birtingu lagaupplýsinga sem skruntexta (SCRL)".*

OULXBER,0002A18 -85-09FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á lagaupplýsingum með skruntexta (SCRL)

1. Veljið geisladiska- eða MP3/WMA-stillingu.
2. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **SCRL** og núverandi stilling **OFF** eða **ON** birtist.
4. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að kveikja eða slökkva á skruntextanum með lagaupplýsingum.
5. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.
6. Ef **SCRL OFF** er valið: Heiti lagsins er birt í upphafi hvers lags. Síðan eru númer og lengd lagsins birt það sem eftir er spilunartímans.

OULXBER,0002A19 -85-10FEB16-1/1

## MP3- eða WMA-skrár spilaðar

| | |
|---|---|
| **Mappa valin** | Ýtið á hnappinn ▲ eða ▼ til að fara í næstu möppu fyrir ofan eða neðan. Þannig er einnig hægt að fara í undirmöppur. Þeim möppum í gagnageymslunni sem innihalda engar gildar hljóðskrár er sleppt. |
| **Lag valið** | Ýtið á hnappinn ► eða ◄ til að velja næsta lag á eftir eða á undan.<br>Ef lagið hefur verið í spilun í meira en 10 sekúndur byrjar það aftur ef ýtt er einu sinni á hnappinn ◄. |
| **Hraðspólun (heyranleg)** | Ýtið á hnappinn ◄ eða ► til að spóla áfram eða aftur á bak. Sleppið hnappinum þegar rétti staðurinn er fundinn. |
| **Spilun af handahófi (MIX ALL)** (öll lög á gagnageymslunni) | Ýtið nokkrum sinnum á hnapp **3** í hnapparöðinni þar til **MIX ALL** birtist.<br>**MIX** birtist og öll lögin á **MP3-gagnageymslunni** eru spiluð af handahófi. |
| **Spilun af handahófi (MIX DIR)** (öll lög í möppu) | Ýtið nokkrum sinnum á hnapp **3** í hnapparöðinni þar til **MIX DIR** birtist.<br>**MIX** birtist og öll lögin í **MP3-möppunni** eru spiluð af handhófi. |
| **Hætta spilun af handahófi** | Ýtið aftur á hnapp **3** í hnapparöðinni.<br>**MIX OFF** birtist í stutta stund og síðan er **MIX** ekki lengur birt. Spilun heldur áfram venjulega. |
| **Farið í gegnum lög (SCAN TRK)** (öll lög á gagnageymslu) | Öll lög á MP3-gagnageymslunni eru spiluð í hækkandi röð í u.þ.b. 10 sekúndur hvert: Ýtið nokkrum sinnum á hnapp **4** í hnapparöðinni þar til **SCAN TRK** birtist. |
| **Farið í gegnum lög (SCAN FLD)** (öll lög í möppu) | Öll lög í MP3-möppunni eru spiluð í hækkandi röð í u.þ.b. 10 sekúndur hvert: Ýtið nokkrum sinnum á hnapp **4** í hnapparöðinni þar til **SCAN FLD** birtist.<br><br>Leit hætt, haldið áfram að spila lag:<br>Ýtið á hnapp **4** í hnapparöðinni til að stöðva leitina.<br>**SCAN OFF** birtist í stutta stund. Haldið er áfram að spila lagið. |
| **Endurtekin spilun á lagi (RPT TRK) eða möppu (RPT DIR)** | **Lag endurtekið:**<br>Ýtið á hnapp **2** í hnapparöðinni.<br>**RPT TRK** birtist í stutta stund og síðan birtist **RPT**. Núverandi lag er endurtekið þar til **RPT** er gert óvirkt.<br><br>**Mappa endurtekin:**<br>Ýtið á hnapp **2** í hnapparöðinni.<br>**RPT DIR** birtist í stutta sund og síðan birtist **RPT**. Núverandi mappa er endurtekin þar til **RPT** er gert óvirkt.<br><br>**Hætt að endurtaka:**<br>Ýtið aftur á hnapp **2** í hnapparöðinni.<br>**RPT OFF** birtist í stutta stund og síðan er **RPT** ekki lengur birt. Spilun heldur áfram venjulega. |
| **Lög spiluð af lagalista** | Ef lagalisti hefur verið settur saman og vistaður í rótarmöppu er hægt að spila hann í PLST-stillingu.<br>Haldið hnappinum **TA** inni þar til **PLST ON** birtist. Fyrsta lagið í lagalistanum byrjar eftir tvær sekúndur.<br>Ef fleiri en einn lagalisti er í boði (allir í rótarmöppunni) skal velja lagalista með örvahnöppunum ▲ og ▼.<br>Ef engir lagalistar eru vistaðir á gagnageymslunni birtist **NO PLST** þegar hnappinum **TA** er haldið inni.<br><br>Ekki er hægt að fara í aðrar möppur þegar PLST-stilling er valin. Slökkva verður á PLST-stillingunni til að skipta um möppu.<br>Haldið hnappinum **TA** inni þar til **PLST OFF** birtist. Byrjað er að spila fyrsta lagið í fyrstu möppunni eftir tvær sekúndur. |
| **Hlé gert á spilun (PAUSE)** | Ýtið á hnapp **1** í hnapparöðinni. **PAUSE** birtist.<br><br>Spilun haldið áfram:<br>Ýtið á hnapp **1** í hnapparöðinni. Spilun heldur áfram. |

OULXBER,0002A1A -85-11FEB16-1/1

# Notkun Bluetooth® (aðeins Premium-útvarp)

## Notkun Bluetooth®, almennar upplýsingar

Þetta útvarp er með innbyggðan Bluetooth®-búnað. Bluetooth® býður upp á öruggan, þráðlausan gagnaflutning milli útvarpsins og Bluetooth®-búnaðar á borð við farsíma sem er paraður við útvarpið og er ekki langt frá.

Útvarpið styður eftirfarandi eiginleika:

- Að kveikja og slökkva handvirkt á Bluetooth®.
- Föst tenging (pörun) milli útvarps og farsíma.
- Sjálfvirk pörun við farsíma sem hefur áður tengst við, þegar kveikt er á útvarpinu.
- Niðurhal 252 tengiliða með 4 símanúmerum fyrir hvern tengilið úr símaskrá paraða farsímans.
- Skoða tengiliði sem fluttir hafa verið yfir.
- Að taka á móti símtölum og hringja.
- Spila hljóðskrár.

**Reglur fyrir Norður-Ameríku**

FCC ID: YBN-JD-BASE4

IC: 9595A-JD-BASE4

**FCC hluti 15.19, kröfur um merkingar**

Tæki þetta samræmist 15. hluta reglna FCC (Federal Communications Commission) sem og RSS-stöðlum Industry Canada sem undanþegnir eru leyfi. Notkun er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum:

1. Þetta tæki má ekki valda skaðlegum truflunum.

LX245298 —UN—27JUL15

*Bluetooth®-vottunarmerki fyrir Rússland*

2. Þetta tæki verður að taka við truflunum sem því berast, þ.m.t. truflunum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á virkni þess.

**FCC hluti 15.21, upplýsingar til notanda**

Breytingar sem ekki er tekið fram að séu samþykktar af aðilanum sem er ábyrgur fyrir reglufylgni gætu ógilt rétt notanda til að nota búnaðinn.

**Reglur fyrir Mexíkó**

NOM-121-SCT1-2009

Notkun þessa búnaðar er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum:

1. Búnaðurinn eða tækið má ekki valda skaðlegum truflunum.

2. Búnaðurinn eða tækið verður að taka við truflunum sem berast, þ.m.t. truflunum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á virkni.

OULXBER,0002A0B -85-11FEB16-1/1

## Uppsetning Bluetooth®

Gera verður eftirfarandi áður en hægt er að nota Bluetooth®:

1. Kveikið á Bluetooth®
2. Veljið gerð tengingar (síma/hljóð)
3. Parið útvarpið við farsímann eða annað Bluetooth®-tæki

Um leið og farsíminn hefur verið paraður er hægt að svara símtölum og hringja í gegnum útvarpið. Einnig er hægt að spila MP3-skrár sem eru vistaðar í Bluetooth®-tækinu í útvarpinu.

OULXBER,0002A0C -85-10FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á Bluetooth® (BT MODE)

Hægt er að kveikja eða slökkva á Bluetooth® í hvaða stillingu sem er (útvarpi, CD, USB, AUX, XM). Þegar kveikt er Bluetooth® blikkar viðkomandi tákn.

*ATHUGIÐ: Bluetooth®-táknið sést allan tímann á meðan kveikt er á Bluetooth® og tæki er parað.*

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **BT MODE** birtist. Bíðið í tvær sekúndur þar til núverandi stilling **BT OFF** eða **BT ON** birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að kveikja eða slökkva á Bluetooth®. Eftir tvær sekúndur verður nýja stillingin virk og Bluetooth®-táknið byrjar að blikka.
4. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna **CON-TYPE** eða bíðið andartak til að fara sjálfkrafa aftur í stillinguna sem er valin.

OULXBER,0002A0D -85-09FEB16-1/1

## Gerð tengingar valin (CON-TYPE) og tæki pöruð (BT-PAIR)

Hægt er að nota Bluetooth®-síma og Bluetooth®-hljóð með þessu útvarpi. Þetta er valið í valmyndinni CON-TYPE.

*ATHUGIÐ: CON-TYPE birtist aðeins þegar kveikt er á Bluetooth® (BT ON).*

### Gerð tengingar valin (CON-TYPE)

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið á **MENU** hnappinn nokkrum sinnum þar til **CON TYPE** birtist. Bíðið í tvær sekúndur þar til undirvalmyndin **BT PHONE** eða **BT AUDIO** birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að velja **BT PHONE** eða **BT AUDIO**.
4. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna næstu valmynd **BT PAIR** eða ýtið á hnappinn **TA** til að hætta við.

### Bluetooth® tæki pöruð (BT-PAIR)

1. Ýtið á hnappinn **MENU** til að opna valmyndina.
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **BT PAIR** birtist. Bíðið í tvær sekúndur þar til undirvalmyndin **VISIBLE** eða **BT AUDIO** birtist. Eftir tvær sekúndur til viðbótar birtist **PIN XXXX** (XXXX stendur fyrir einstaka talnaröð).
3. Veljið "New Device" (nýtt tæki) eða BOSCH BT (ef það er þegar uppsett) í farsímanum og hefjið leit að tengingu. Um leið og farsíminn hefur tengst er beðið um PIN-númerið.
4. Sláið nú inn tölurnar (XXXX) sem birtast í útvarpinu í farsímann og staðfestið ef beðið er um það.
5. Ef pörun heppnaðist birtast Bluetooth®-táknið og **PAIRED**. Eftir tvær sekúndur birtist síðan **BT JOIN** og heiti paraða farsímans.

   *ATHUGIÐ: Ef pörun heppnaðist ekki birtist* **NO PAIR** *og útvarpið fer strax í fyrri stillingu. Hægt er að reyna nýja pörun.*

6. Heiti símans birtist í 10 sekúndur og síðan fer útvarpið aftur í stillinguna sem var á áður en pörun hófst.

OULXBER,0002A0E -85-10FEB16-1/1

## Bluetooth®-tæki þegar tengt (BT-JOIN)

Hægt er að para allt að fimm farsíma við útvarpið. Farsíminn sem var tengdur síðast er alltaf tengdur aftur sjálfkrafa og birtist í **BT JOIN**. Ef annar farsími, sem hefur verið paraður, er tengdur verður fyrst að slökkva á Bluetooth®-virkni allra annarra farsíma sem eru nálægt.

Einnig er hægt að para viðkomandi farsíma aftur við útvarpið.

Hægt er að para að hámarki fimm tæki við útvarpið. Ef annað tæki er parað er því tæki eytt úr minninu sem hefur verið vistað lengst.

OULXBER,0002A0F -85-10FEB16-1/1

## Gögn úr símaskrá flutt og notuð

### Gögn úr símaskrá flutt:

Þegar pörun hefur tekist eru allt að 252 tengiliðir með fjórum símanúmerum fyrir hvern tengilið fluttir úr tengda farsímanum yfir í útvarpið. Flutningurinn fer fram sjálfkrafa í bakgrunni. Engar upplýsingar birtast um ferlið. Hægt er að nálgast gögn úr símanum í útvarpinu um leið og Bluetooth®-táknið hættir að blikka.

### Gögn úr símaskrá notuð:

Gögnin úr símaskránni (símanúmer, nöfn tengiliða o.s.frv.) eru vistuð í lista. Hægt er að birta listann með því að ýta á halda hnappinum **SRC** inni og leita síðan í honum með örvahnöppunum. Ýtið aftur á hnappinn **SRC** eða ýtið á hnappinn **MENU** til að hætta við.

1. Haldið hnappinum **SRC** inni í meira en þrjár sekúndur til að opna listann.
2. Fyrsti tengiliðurinn er sýndur.
3. Ýtið á hnappinn ► til að fara í næsta staf í stafrófinu.
4. Ýtið á hnappinn ◄ til að fara í næsta bókstaf á undan í stafrófinu.
5. Ýtið á hnappinn ▼ til að sýna næsta tengilið á eftir.
6. Ýtið á hnappinn ▲ til að sýna næsta tengilið á undan.
7. Ýtið á hnappinn **MENU** til að loka listanum.

*ATHUGIÐ: Símtöl sem berast hafa forgang. Listinn lokast og síðasta valda stilling birtist. Símaupplýsingar eru uppfærðar eftir hvert símtal.*

OULXBER,0002A10 -85-10FEB16-1/1

## Tekið á móti símtölum og hringt

Þegar útvarpið er parað við farsíma er hægt að taka á móti símtölum og hringja.

### Símtali svarað

Þegar símtal berst heyrist hringitónn og **CALL** birtist. Eftir tvær sekúndur breytist skjárinn og nafn tengiliðarins eða símanúmer þess sem hringir birtist. **PRIVATE NUMBER** birtist ef viðkomandi upplýsingar eru ekki til staðar.

1. Ýtið á hnappinn **BND** til að svara símtalinu. (Ýtið á hnappinn **MENU** til að hafna símtali.)
2. Notið hljóðstillinn til að stilla hljóðstyrkinn í símanum ef þörf krefur.
3. Ýtið á hnappinn **MENU** til að ljúka samtalinu. **CALL END** birtist í tvær sekúndur og útvarpið fer aftur í stillinguna sem er valin.

### Hringt

1. Haldið hnappinum **SRC** inni í meira en þrjár sekúndur til að opna tengiliðalistann.
2. Notið örvahnappana til að velja tengilið og ýtið á **BND** til að koma á tengingu.
3. Þegar tengingu hefur verið komið á birtist **IN CALL**.
4. Notið hljóðstillinn til að stilla hljóðstyrkinn í símanum ef þörf krefur.
5. Ýtið á hnappinn **MENU** til að ljúka samtalinu. **CALL END** birtist í tvær sekúndur og útvarpið fer aftur í stillinguna sem er valin.

Hljóðið tekið af: Ef stutt er snöggt á takkann til að kveikja/slökkva meðan á símtali stendur er hljóðið tekið af hljóðnemanum. Stutt er aftur á takkann til að kveikja/slökkva til að setja hljóðið aftur á.

*ATHUGIÐ: Meðan á símtali stendur er látið vita af símtölum sem berast með hringitóni. Eftir að hringitónninn hættir að heyrast er símtalinu sjálfkrafa hafnað.*

OULXBER,0002A11 -85-09FEB16-1/1

## Hljóðskrár spilaðar (BT AUDIO)

Þetta útvarp styður A2DP[1] Bluetooth®-staðalinn. Ef farsíminn eða tónlistarspilarinn styður einnig A2DP er hægt að flytja studdar hljóðskrár þráðlaust yfir í útvarpið og spila þær í víðóma hljómgæðum. Til að spila þarf að velja tengingargerðina **BT AUDIO** í valmyndinni **CON-TYPE** og para síðan Bluetooth® tækið. Farið í **BT AUDIO** máta eftir að pörun hefur heppnast með því að nota **SRC** hnappinn til að hlusta á tónlistarskrárnar.

**Parið tækið við útvarpið:** Sjá “Gerð tengingar valin (CON-TYPE) og tæki pöruð (BT-PAIR)“ í þessum kafla.

**Þegar pörun er lokið:**

1. Ýtið á **SRC** hnappinn nokkrum sinnum þar til **BT AUDIO** birtist. Afspilun laganna hefst sjálfkrafa og heldur áfram til enda skrárinnar, skrásafnsins eða endalaust eftir stillingu farsímans/tónlistarspilarans. Lagaupplýsingar birtast sem skruntexti ef þær eru fyrir hendi og ef kveikt er á SCRL. Ef engar lagaupplýsingar eru fyrir hendi birtist **TITLE UNKNOWN**.

*[1]A2DP (Advanced Audio Distribution Profile) er algeng flutningstækni sem gerir kleift að senda víðóma hljóðmerki í samhæft móttökutæki með Bluetooth®.*

*ATHUGIÐ: Hljóðgjafinn er ekki í boði fyrr en Bluetooth®-táknið hættir að blikka framan á útvarpinu.*

2. Notið hljóðstillinn til að stilla hljóðstyrkinn.
3. Ýtið á pásutakkann ▌▌► til að gera hlé á afspilun. Ýtið aftur á pásutakkann til að halda áfram afspilun. Þessi aðgerð er aðeins möguleg ef farsíminn/spilarinn styður hana.
4. Ef ýtt er snöggt á takkann til að kveikja/slökkva (hljóðið tekið af) er spilun í hátalara stöðvuð í stutta stund í BT-hljóðstillingu.

*ATHUGIÐ: Hljóðstyrkurinn í paraða tækinu hefur áhrif á styrk hljóðsins frá útvarpinu. Ef stillt er á of lítinn hljóðstyrk í tækinu heyrist ekkert hljóð í útvarpinu.*

*ATHUGIÐ: Síminn er einnig virkur í stillingunni* ***BT AUDIO*** *og hefur forgang yfir tónlistarspilun. Þar af leiðandi er gert hlé á tónlistarafspilun á meðan á símtali stendur.*

OULXBER,0002A12 -85-11FEB16-1/1

## SiriusXM®-útvarp, almennar upplýsingar

Þjónustan mun endurnýjast sjálfkrafa og gjald er tekið á viðeigandi taxta þar til þú hringir í okkur í 1-866-635-2349 til að hætta við. Ítarlegar upplýsingar um notendasamninginn eru á www.siriusxm.com. Önnur gjöld og skattar bætast við. Gjaldskrá og stöðvaval getur breyst. Á XL gæti stundum borið á grófu orðbragði eða fullorðinsefni. Hringið í hlustendaþjónustu SiriusXM í síma 1-800-967-2346 og fáið upplýsingar um fjölskylduvæna pakka; í Kanada er símanúmerið 1-877-438-9677. XM-gervihnattaþjónusta er eingöngu í boði fyrir þá sem hafa náð 18 ára aldri í 48 samliggjandi ríkjum Bandaríkjanna og D.C. Frekari upplýsingar um dagskrá og áskrift er að finna á www.siriusxm.com; í Kanada er vefslóðin www.siriusxm.ca. Einnig er hægt að panta áskrift símleiðis.

Bandarískir viðskiptavinir: 1-800-967-2346; kanadískir viðskiptavinir: 1-877-438-9677.

*ATHUGIÐ: Óheimilt er að afrita, bakþýða, taka í sundur, endurgera, hakka, breyta eða gera einhverja tækni eða hugbúnað aðgengilegan sem er notaður í viðtækjum sem styðja SiriusXM®-gervihnattaútvarpskerfi eða sem styðja SiriusXM®-vefsvæðið, netþjónustuna eða innihald hennar. Enn fremur er AMBE®-raddþjöppunarhugbúnaðurinn í þessum búnaði varinn af hugverkarétti, þar á meðal einkaleyfisrétti, höfundarétti og viðskiptaleyndarmáli Digital Voice Systems, Inc.*

*Kanada: Móttökuskilyrði kunna að vera verri á mjög norðlægum slóðum. SiriusXM® Satellite Radio hefur ekki vald á þessu*

OULXBER,00029FC -85-09FEB16-1/1

## XM-raðnúmer birt

1. Hafið skrifblokk og penna við höndina.
2. Ýtið endurtekið á hnappinn **SRC** þar til **XM** birtist.
3. Eftir tvær sekúndur birtist rásin **CHN 0**.
4. Síðan birtist **RADIO ID**. Eftir aðrar tvær sekúndur birtist átta stafa XM-raðnúmerið (svipað og 1A2B3C4D) í tíu sekúndur.
5. Skráið niður númerið. Þennan kóða þarf að nota til þess að gerast áskrifandi að gervihnattaútvarpinu.

*ATHUGIÐ: Á rás 0 skiptir skjárinn á milli CHN 0 (tvær sekúndur), RADIO ID (tvær sekúndur), og raðnúmersins (10 sekúndur). Þetta er endurtekið í sífellu á meðan stillt er á rás 0.*

OULXBER,0002A1C -85-11FEB16-1/1

## XM-útvarpsstilling

*ATHUGIÐ: XM er eingöngu í boði í Premium-útvörpum fyrir Norður-Ameríku. Premium-útvarp án geislaspilara (Bandaríkin) er aðeins með stuðningi fyrir XM, kaupa verður XM-viðtækið sérstaklega.*

Þetta útvarp er með XM-viðtæki til að taka á móti stafrænum útvarpsstöðvum í gegnum gervihnött (t.d. XM Radio). Það eru þrjú XM-tíðnisvið (XM1, XM2 og XM3 minnisstillingar) með allt að sex stöðvar hvert sem hægt er að tengja við stöðvahnappana sex.

Með því að nota CAT-eiginleikann er hægt að velja rásirnar sérstaklega eftir efnisgerð (flokkum).

*ATHUGIÐ: Fyrir gervihnattaútvarpið þarf að greiða gjald og notandinn verður að vera áskrifandi að því! Raðnúmer móttakarans er nauðsynlegt fyrir áskrift. Sjá "XM-raðnúmer birt" í þessum kafla.*

OULXBER,00029FD -85-11FEB16-1/1

## Farið í XM-útvarpsstillingu

Ef útvarpið er í annarri stillingu:

Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **SRC** þar til **XM** og rásarnúmerið CHN X birtist (X stendur fyrir númer).

OULXBER,00029FE -85-09FEB16-1/1

## XM-tíðnisvið valið (minnisstilling)

XM1 er verksmiðjustilling. Ýtið á hnappinn **BND** til að skipta á milli minnisstillinga.

Nafn valda XM-tíðnisviðsins birtist neðst í vinstra horni skjásins.

OULXBER,00029FF -85-11FEB16-1/1

## XM-rásir valdar

Hægt er að velja XM-rásir með örvahnöppunum til vinstri og hægri ◄ ►. Ef stillt er á að leita eftir efnisflokki eru eingöngu stöðvar í viðkomandi efnisflokki í boði.

- Ýtið á hnappinn ► til að velja næstu rás.
- Ýtið á hnappinn ◄ til að velja næstu rás á undan.

Númer völdu rásarinnar er sýnt.

OULXBER,0002A00 -85-11FEB16-1/1

## XM-rásir vistaðar

XM-rásir eru vistaðar á stöðvahnöppum með sama hætti og hliðrænar útvarpsstöðvar.

1. Ýtið á hnappinn **BND** og veljið viðeigandi XM-tíðnisvið.
2. Ýtið á hnappinn ► eða ◄ til að velja XM-rás.
3. Veljið einn af stöðvahnöppunum 1 - 6 til að vista XM-stöðina og haldið hnappinum svo inni í meira en tvær sekúndur.
   Staðfestingartónn gefur til kynna að XM-rásin sé nú vistuð á stöðvahnappinum sem var valinn.

Þegar XM-rás er spiluð kemur staðsetning (t.d. P1) XM-rásarinnar fram efst í vinstra horni skjásins.

OULXBER,0002A01 -85-09FEB16-1/1

## Vistaðar XM-rásir valdar

1. Ýtið á hnappinn **BND** og veljið viðeigandi XM-tíðnisvið.
2. Ýtið á viðeigandi stöðvahnapp 1 - 6 til að velja XM-rás.

OULXBER,0002A02 -85-11FEB16-1/1

## Kveikt/slökkt á efnisflokkastillingu XM-rása (CAT)

1. Ýtið á hnappinn **SRC** og skiptið yfir í gervihnattastillingu (ef XM hefur ekki verið valið).
2. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **CAT** birtist.
3. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að velja **CAT ON** eða **CAT OFF**.
4. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,0002A03 -85-11FEB16-1/1

## Efnisflokkur fyrir XM-rásir valinn

Efnisflokkar XM-rása (t.d. ROCK, JAZZ, NEWS o.s.frv.) eru valdir með örvahnöppunum ▼ og ▲.

*ATHUGIÐ: Kveikt verður að vera á CAT til þess að hægt sé að velja efnisflokk.*

- Ýtið á hnappinn ▲ til að fara í næsta efnisflokk.
- Ýtið á hnappinn ▼ til að fara í næsta efnisflokk á undan.

OULXBER,0002A04 -85-11FEB16-1/1

## Virkni hnappa stillt (KEY PRG)

Í XM-útvarpsstillingu er hægt að tengja eina af eftirfarandi aðgerðum við hnappana ◄ og ►:

CHNSEEK: Leita handvirkt að XM-rásum í stuttum skrefum

CHNSCAN: Leita sjálfkrafa að XM-rásum á völdu XM-tíðnisviði

1. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** þar til **KEY PRG** birtist.
2. Snúið hljóðstillinum rangsælis eða réttsælis til að breyta úr CHNSEEK í CHNSCAN eða öfugt.
3. Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn **MENU** til að fara úr valmyndinni.

OULXBER,0002A05 -85-11FEB16-1/1

## Kerfisupplýsingar

Mismunandi bilanir geta komið upp í XM-útvarpsstillingu og birtir útvarpið þá viðeigandi villuboð. **Sjá einnig “Villuboð og bilanir” í kafla 50.**

OULXBER,0002A07 -85-09FEB16-1/1

# Tæknilegar upplýsingar

## Tæknilegar upplýsingar

| | Venjulegt útvarp | Venjulegt útvarp með geislaspilara | Premium-útvarp | Premium-útvarp fyrir Norður-Ameríku |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarspenna | 12 volt | 12 volt | 12 volt | 12 volt |
| Úttak | 4 x 20 vött (sínus við 4 ohm) | 4 x 20 vött (sínus við 4 ohm) | 4 x 20 vött (sínus við 4 ohm) | 4 x 20 vött (sínus við 4 ohm) |
| Hljóðinntak | 2 x 2,0 volt virk | 2 x 2,0 volt virk | 2 x 2,0 volt virk | 2 x 2,0 volt virk |
| Tíðnisvið, NAFTA-lönd | | | | |
| FM | 87,7 – 107,9 MHz | 87,7 – 107,9 MHz | 87,7 – 107,9 MHz | 87,7 – 107,9 MHz |
| AM | 530 – 1710 kHz | 530 – 1710 kHz | 530 – 1710 kHz | 530 – 1710 kHz |
| WX | 162,4 – 162,55 MHz | 162,4 – 162,55 MHz | ekki í boði | 162,4 – 162,55 MHz |
| Tíðnisvið, EVRÓPA | | | | |
| UKW (FM) | 87,7 – 107,9 MHz | 87,7 – 107,9 MHz | 87,7 – 107,9 MHz | 87,7 – 107,9 MHz |
| MW | 530 – 1710 kHz | 530 – 1710 kHz | 530 – 1710 kHz | 530 – 1710 kHz |
| LW | 153 – 279 kHz | 153 – 279 kHz | 153 – 279 kHz | 153 – 279 kHz |
| FM-tíðnisvörun | 30 – 15000 Hz | 30 – 15000 Hz | 30 – 15000 Hz | 30 – 15000 Hz |
| Tíðnisvörun geisladiska | 20 – 20000 Hz | 20 – 20000 Hz | 20 – 20000 Hz | 20 – 20000 Hz |

Tiltæk tíðnisvið:

- EUROPE (Evrópa)
- NAFTA (Norður-Ameríka)
- SOTHAMRC (Suður-Ameríka)
- MESTAFRC (Austurlönd nær og Afríka)
- APAC (Asía/Kyrrahaf, án Japan)
- TAIWAN (Taívan)
- PHILIPIN (Filippseyjar)
- AUSTRLNZ (Ástralía og Nýja-Sjáland)

OULXBER,0002A08 -85-09FEB16-1/1

## Auðkenningarnúmer vöru og SiriusXM®-raðnúmer

Færið tölurnar inn hér:

Sjá einnig “XM-raðnúmer birt” í þessari notendahandbók.

Gerðarheiti útvarps (sjá tegundamyndir): ...................................... ____________________

Auðkenningarnúmer útvarps, sjá “XM-raðnúmer birt”: ....................... ____________________

SiriusXM®-raðnúmer, sjá “XM-raðnúmer birt” ................................ ____________________

OULXBER,0002A09 -85-11FEB16-1/1

# Villuboð og bilanir

| Villuboð við gervihnattamóttöku (aðeins í Norður-Ameríku): | |
|---|---|
| SATUPDAT | Uppfærsla dulritunarkóða |
| NO SIGNL | Ekkert merki eða merki of veikt. Villuboðin eru sýnd þar til merkið verður nægilega sterkt. |
| LOAD SIGNL | Afkóðun hljóðmerkis tókst ekki. Skiptið um rás. |
| OFF AIR | Valin rás sendir ekki út. Skiptið um rás. |
| CH UNAVL | Valin rás er ekki lengur í boði. Útvarpið skiptir sjálfkrafa yfir á fyrri stöð. |
| — — — | Hvorki upplýsingar um flytjanda né lag. Villuboðin eru sýnd þar til viðeigandi upplýsingar eru mótteknar. |

| Útvarp, spilun geisladiska og skráa - bilanir: | |
|---|---|
| Útvarpið skiptir yfir á tíðni sem engin stöð á svæðinu er send út á. | Stilla verður viðtækið á rétt tíðnisvið fyrir svæðið. Farið með útvarpið til söluaðila John Deere™ til að láta stilla útvarpið á rétt tíðnisvið. |
| Hljóðinntak er ekki sýnt. | Hljóðinntakið er ekki sýnt nema að tæki sé tengt við hljóðinntakstengið. Ef vandamál koma upp skal athuga tengi og snúrur og kveikja á tækinu sem tengt er við hljóðinntakið. |
| Léleg hljómgæði tals þegar handfrjáls Bluetooth®-búnaður er notaður. | Gangið úr skugga um að loftopin beini ekki blæstrinum að hljóðnemanum. Of lítil hleðsla á rafhlöðu símans. Tengið hleðslusnúru. Hækkið hljóðstyrkinn í Bluetooth®-tækinu. Kveikið á tónjafnara Bluetooth®-tækisins (ef hann er til staðar). |
| Villuboðin BLOCKED | Ekki er hægt að spila hljóð. Útvarpinu hefur verið læst til að koma í veg fyrir að það sé notað í leyfisleysi (þjófavörn er virk). Farið með útvarpið til söluaðila John Deere™ til að láta taka læsinguna af. |
| Villuboðin CD ERROR | Vandamál með geisladiskinn sem er í. Geisladiskurinn er rispaður eða skráakerfið skemmt eða ólæsilegt. |
| Villuboðin DEF ERR | Vandamál með USB-tækið. Rangt skráarsnið. USB-tækið er ekki samhæft |

OULXBER,0002A0A -85-11FEB16-1/1

## Samræmisyfirlýsing

Robert Bosch Car Multimedia GmbH lýsir því hér með yfir að neðangreind útvarpstæki samræmast tilskipun 2014/53/ESB (VII. viðauka).

- John Deere Base 1 US (venjulegt útvarp)
- John Deere Base 3 US/EU (venjulegt útvarp með geislaspilara)
- John Deere Base 4 EU (Premium-útvarp fyrir ESB)
- John Deere Base 4 US (Premium-útvarp fyrir Norður-Ameríku)
- John Deere Base 5 (Premium-útvarp án geislaspilara fyrir Bandaríkin)

Nálgast má texta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar í fullri lengd á vefslóðinni:

***http://cert.bosch-carmultimedia.net***

| Texti 2014/53/ESB í fullri lengd fyrir viðkomandi land: | |
|---|---|
| **Land** | **Tilskipun** |
| Eistland | 2014/53/EL |
| Litháen<br>Lettland | 2014/53/ES |
| Austurríki<br>Tékkland<br>Þýskaland<br>Danmörk<br>Finnland<br>Bretland<br>Króatía<br>Ungverjaland<br>Írland<br>Holland<br>Svíþjóð<br>Slóvakía | 2014/53/EU |
| Belgía<br>Spánn<br>Frakkland<br>Ítalía<br>Lúxemborg<br>Malta<br>Pólland<br>Portúgal<br>Rúmenía | 2014/53/UE |
| Kýpur<br>Grikkland | 2014/53/ |
| Búlgaría | 2014/53/EC |

### Bluetooth® Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Tíðnisvið | 2400 Mhz - 2480 Mhz |
| Einsátta útgeislun (EIRP) | Bluetooth® < 10 mW |
| Ábendingar/takmarkanir | Innbyggt Bluetooth®-loftnet til staðar |

*Bluetooth er skrásett vörumerki Bluetooth SIG*

OULXBER,0002C51 -85-25APR17-1/1

# Atriðaskrá

Blaðsíða

**B**

Birting lagaupplýsinga ........ 35-2
Birtustig lýsingar á útvarpstæki stillt ........ 10-3
Bluetooth® gert virkt (BT MODE) ........ 40-1
Bluetooth®, flutningur og notkun gagna úr síma (gagnaflutningur) ........ 40-2
Bluetooth®, gagnaflutningur ........ 40-2
Bluetooth®, hljóðskrár spilaðar (BT AUDIO) ........ 40-3
Bluetooth®, tekið á móti símtölum og hringt ........ 40-3
Bluetooth®, tæki pöruð (BT-PAIR) ........ 40-2
Bluetooth®-tæki valið fyrir tengingu ........ 40-2

**D**

Dregið úr diskanti í truflunum (HCUT) ........ 15-4

**E**

Efnisgerð ........ 15-4

**F**

Farið í gegnum stöðvar í minni (PRSTSCAN) ........ 15-3
Farið í geislaspilarastillingu ........ 30-1
Farið í MP3-stillingu þegar diskur er settur í ........ 35-2
Farið í MP3-stillingu, USB-gagnageymsla ........ 35-2
Farið í útvarpsstillingu ........ 15-2

**G**

Geisladiskur tekinn úr ........ 30-1
Geisladiskur, MP3-mappa ........ 35-1
Geislaspilarastilling, almennar upplýsingar ........ 30-1
Gerð tengingar valin (CON-TYPE) ........ 40-2
Gervihnattamóttaka, efnisflokkur valinn ........ 45-2
Gervihnattamóttaka, XM-raðnúmer ........ 45-1
Gervihnattamóttaka, XM-rásir valdar ........ 45-1
Grunnstilling til að taka á móti útvarpssendingum ........ 05-1

**H**

Hámarkshljóðstyrkur þegar kveikt er á útvarpinu stilltur ........ 10-4
Hljóðdreifing fram/aftur stillt ........ 10-4
Hljóðið stillt ........ 10-4
Hljóðið tekið af útvarpinu ........ 10-3
Hljóðskrár sendar með Bluetooth® ........ 40-3
Hljóðstillingar endurstilltar ........ 10-5
Hljóðstyrkur stilltur ........ 10-3

**K**

Kveikt/slökkt ........ 10-3
Kveikt/slökkt á lagaupplýsingum með skruntexta ........ 35-2
Kveikt/slökkt á loudness ........ 10-5

Blaðsíða

Kveikt/slökkt á RDS-eiginleikum ........ 15-2
Kveikt/slökkt á staðfestingartóni ........ 10-4

**L**

Lagaupplýsingar, kveikt/slökkt á skruntexta ........ 35-2
Leitað að stöðvum ........ 15-3

**M**

Móttaka útvarpsins stillt ........ 15-1
MP3- eða WMA-skrár spilaðar ........ 35-3
MP3, ID3-merki ........ 35-2
MP3, notkun geislaspilara (almennar upplýsingar) ........ 35-1
MP3, USB-gagnageymsla ........ 35-2
MP3-geisladiskur búinn til ........ 35-1

**N**

Notkun geislaspilarans (spilun) ........ 30-2
Næmi leitar ........ 15-2

**S**

SiriusXM™-útvarp, almennar upplýsingar ........ 45-1
Spilun MP3- eða WMA-skráa ........ 35-3
Spilun skráa á USB-gagnageymslu ........ 35-2
Spilun tónlistarskráa
  MP3 ........ 35-1
  WMA ........ 35-1
Stillingar eftir löndum ........ 15-1
Stillt á stöð ........ 15-2
Stillt á stöð í minni ........ 15-3
Stöð vistuð ........ 15-3
Stöðvaleit, næmi ........ 15-2
Stöðvar í minni valdar ........ 15-3
Stöðvar í minni, valdar ........ 15-3

**T**

Tekið á móti símtölum og hringt, Bluetooth® ........ 40-3
Tekið á móti útvarpssendingum, grunnstilling ........ 05-1
Tæknilegar upplýsingar ........ 50-1

**U**

Umferðarupplýsingar ........ 20-1
Umferðaröryggi ........ 05-1
Uppsetning Bluetooth® ........ 40-1
Útvarpstækið stillt ........ 15-1

**V**

Val á tíðnisviði/minnisstillingu ........ 15-2
Vinstri/hægri hljóðdreifing stillt ........ 10-4

**Framhald á næstu blaðsíðu**

Blaðsíða

Virkni hnappa stillt (KEY PRG) ..... 15-4
Vistaðar XM-rásir valdar ..... 45-2

**W**

WMA, notkun geislaspilara (almennar upplýsingar) ..... 35-1

**X**

XM-raðnúmer birt ..... 45-1
XM-raðnúmer, birting ..... 45-1

Blaðsíða

XM-rásir, vistaðar rásir valdar ..... 45-2
XM-útvarpsstilling ..... 45-1

**Y**

Ytri hljóðgjafar ..... 25-1

**Ö**

Öryggi við vinnu ..... 05-1

# Atriðaskrá-3